

**Ed. 141. Tillaga til þingsályktunar**

um heimildasöfnun frá útlöndum um framlög úr ríkissjóði í nokkrum löndum til skálda og listamanna.

Fhm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að útvega sem allra fyrst áreiðanlegar skýrslur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Englandi, Bandaríkjunum og Kanada um eftirfarandi atriði:

1. Hve mikið fé veitti hvert af þjóðþingum þessara ríkja ákveðnum skáldum og listamönnum í fjárlögum ársins 1939, og hve margir urðu þvilikrar aðhlynningar aðnjótandi í hverju þessara landa?
2. Eru í þessum löndum ákveðin stéttarfélag skálda og listamanna, sem gera kröfur til ríkissjóðanna um föst laun handa félagsmönnum?
3. Má segja, að stéttarfélag skálda og listamanna í þessum löndum hafi pólitíska umboðsmenn frá félagsdeildum, sem hafi lagalegt vald til að fyrirskipa persónuleg útgjöld af almannafé til einstaklinga í félögunum?

## Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin til þess, að Alþingi geti sem allra fyrst, fyrir milligöngu ríkisstjórnarinnar, fengið áreiðanlega vitneskju um það, hversu mikið fé var veitt í nokkrum löndum úr ríkissjóði sem persónuframlag til skálda og listamanna síðasta friðarárið. Jafnframt er ástæða til að vita með fullri vissu, hvort listamenn og skáld í þessum löndum hafa myndað með sér kaupkröfufélagsskap. Í því skyni að tryggja með þeim hætti framlög af almannafé, meira en annars væri kostur á að fá. Í þriðja lagi gæti skipt máli að vita með fullri vissu, hvort sá síður tíðkast í þessum löndum, að félög skálda og listamanna hafi fasta fulltrúa hjá fjárveitingarvaldinu til að tryggja með því meiri ríkissjóðsgreiðslur sér til handa. Í Rússlandi var það mikill síður, þar til fyrir nokkrum mánuðum, að bolsévika-flokkurinn hafði umboðsmenn í hernum, hjá herforingjunum, til að tryggja það, að foringjarnir tækju nægilega mikið tillit til flokksviljans. Eftir að her Þjóðverja hafði unnið af Rússum mikið af beztu héruðum landsins, með 60 milljónum íbúa, neyddist einvaldsstjórnin til að kalla heim þessa „aftursætabilstjóra“ úr hernun. Hefur Rússum vegnað til muna betur í stríðinu síðan þessu yfireftirliti stjórnarflokksins var létt af. Nú hefur af hálfu þess þingflokks hér á landi, sem sækir mjög fyrirmyndir sínar til Rússa, verið borið fram frumv., sem gengur í sömu átt og hið rússneska eftirlit með herforingjum rauða hersins. Alþingi hefur um nokkurra ára skeið falið þingkosinni nefnd að úthluta allmiklu fé úr ríkissjóði milli manna, sem fást við skáldskap og listir með mismunandi árangri. Uppbótarþingmaður úr þessum flokki flytur frumv. um skipun nokkurs konar „kommissjonera“ frá stéttarfélagi, sem kennir sig við listir og skáldskap. Tilgangurinn er hinn sami og í Rússlandi. Utanaðkomandi menn eiga að koma og segja nefnd, sem Alþingi kys, fyrir verkum, alveg eins og pólitískir trúnaðarmenn bolsévika áttu að stjórna herforingjunum.

Óhætt mun að fullyrða, að ekkert af þeim löndum, sem nefnd eru í framan-skráðri þingsályktunartillögu, veitir nándar nærri eins mikið fé, miðað við auð og fólksfjölda, til manna, sem fást við skáldskap og listiðju, eins og Íslendingar. Sömuleidis er ósennilegt, að viðtakendur þvilíks fjár hafi tekið sér fyrir hendur að mynda kaupkröfufélag móti ríkissjóði þjóðar sinnar, nema á Íslandi. Að síðustu má telja það fullvíst, að hvergi nema í Rússlandi þekkest sá síður, sem nú er talað um að koma á hér á landi, að sérstakir umboðsmenn styrkþiggjenda fái húsbónda-vald yfir Alþingi um fjárveitingar. En þar sem öll þessi atriði eru um deild, en hins vegar auðvelt fyrir ríkisstjórnina að fá þessa vitneskju frá sendimönnum erlendra ríkja hér á landi, eða fyrir milligöngu íslenzkra sendimanna erlendis, þá er þessu máli beint til ríkisstjórnarinnar.

Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri til að sýna bæði alþingismönnum og öðrum borgurum, hversu menntamálaráð hefur skipt ríkisfé, er heimilað var til skálda og listamanna. Er þar tekið til samanburðar árið 1939, þegar Alþingi skipti sjálft fénu, við síðustu úthlutun menntamálaráðs, 1942. Kemur þá í ljós, að nefndarúthlutunin hefur náð til fleiri hinna þekktustu manna og ekki ósjaldan orðið riflegri heldur en tíðkaðist áður fyrr. Sýnir samanburðurinn þetta mjög glögglega. Á þessum árum hefur Halldór Kiljan fallið út af „línunni“. Telur hann sig hafa fengið of lítið, skilað aftur fénu og lýst hátiðlega yfir, að hann vildi ekki þiggja fé úr ríkissjóði að óbreyttum kringumstæðum. Áður en kom til algerðrar neitunar frá hans hálfu, sendi hann styrk sinn aftur til menntamálaráðs. Var því fé þá skipt milli nokkurra listamanna og rithöfunda. Fékk Þórbergur Þórðarson fjórða hluta fjárins og þótti ekki óbragð að. Kommúnistar munu þó hafa áfellt Þórberg fyrir að taka á móti brauði Laxness, því að árið eftir gaf hann mér 25% af sínu rítfé, en ég afhenti sjóðinn biskupi handa Hallgrímshöfnun, með ósk um, að prestar safnaðarins biðji fyrir sál Þórbergs Þórðarsonar.

Fylgiskjal.

**Veiting styrkja til listamanna, skálda, rithöfunda og vísindamanna  
á fundi Menntamálaráðs Íslands þann 30. des. 1941.**

(Aftan við nöfn viðtakenda er í svigum tala, sem sýnir framlag til hans á fjárl. 1939.)

**Kr. 3000 hlutu:**

Ásgrímur Jónsson, listmálari (3000).  
Ásmundur Sveinsson, myndhöggvari (3000).  
Davið Stefánsson, skáld (2400).  
Guðmundur Friðjónsson, skáld (1800).  
Guðmundur Hagalín, skáld (2400).  
Gunnar Gunnarsson, skáld (ekkert).  
Guðmundur Kamban, skáld (1800).  
Kristínann Guðmundsson, skáld (1800).  
Jón Stefánsson, listmálari (3000).  
Jóhannes Kjarval, listmálari (ekkert).  
Ríkarður Jónsson, myndhöggvari (3000).  
Tómas Guðmundsson, skáld (1000).

**Kr. 2400 hlutu:**

Jón Leifs, tónskáld (2500).  
Magnús Ásgeirsson, skáld (2500).

**Kr. 1800 hlutu:**

Gunnlaugur Blöndal, listmálari (1200).  
Finnur Jónsson, listmálari (ekkert).  
Jakob Thorarensen, skáld (1800).  
Jóhannes úr Kötlum, skáld (2000).  
Magnús Stefánsson, skáld (1000).  
Þórbergur Þórðarson, rithöfundur (2500).  
Þorkell Jóhannesson, dr. phil. (1500).

**Kr. 1600 hlaut:**

Skúli Þórðarson, sagnfræðingur (ekkert).

**Kr. 1200 hlutu:**

Steinn Dofri, ættfræðingur (1000).  
Hallgrímur Helgason, tónskáld (ekkert).

**Kr. 1000 hlutu:**

Elinborg Lárusdóttir, skáldkona (800).  
Guðmundur Danielsson, skáld (ekkert).  
Jón Magnússon, skáld (1000).  
Kristín Sigfúsdóttir, skáldkona (1000).  
Kristján Albertsson, rithöfundur (1000).  
Leifur Ásgeirsson, skólastjóri (1000).  
Pétur Á. Jónsson, óperusöngvari (ekkert).  
Indriði Þorkelsson, skáld (500).  
Theódór Friðriksson, rithöfundur (1500).  
Sigurður Jónsson, skáld, Arnarvatni (1000).

Unnur Bjarklind, skáldkona (1000).  
Þorkell Þorkelsson, dr. (1000).  
Guðmundur Böðvarsson, skáld (ekkert).  
Guðmundur Ingi Kristjánsson, skáld (ekkert).  
Þórunn Magnúsdóttir, skáldkona (ekkert).  
Steinn Steinarr, skáld (ekkert).  
Guðfinna Jónsdóttir, skáldkona (ekkert).  
Sigvaldi Kaldalóns, tónskáld (ekkert).  
Björgvin Guðmundsson, tónskáld (ekkert).  
Margeir Jónsson, fræðimaður (500).  
Karl Ó. Runólfsson, tónskáld (ekkert).

**Kr. 800 hlutu:**

Björn Guðfinnsson, mag. art. (ekkert).  
Eiríkur Albertsson, dr. theol. (ekkert).  
Guðni Jónsson, mag. art. (ekkert).  
Einar Ól. Sveinsson, dr. (ekkert).  
Sigurður Skagfield, söngvari (1200).  
Kristinn Pétursson, listmálari (1000).  
Eggert Stefánsson, söngvari (1200).  
Guðbrandur Jónsson, próf. (1800).

**Kr. 600 hlaut:**

Sig. Júl. Jóhannesson, skáld, Winnipeg (ekkert).

**Kr. 500 hlutu:**

Guðmundur Davíðsson, rithöf. (500).  
Jóhann Kúld, rithöf. (ekkert).  
Jóhann Sveinsson, cand. mag. (500).  
Jón Þorsteinsson, Arnarvatni (500).  
Sigurjón Friðjónsson, skáld (1000).  
Kristleifur Þorsteinsson, fræðimaður (500).  
Svafa Jónsdóttir, leikkona (ekkert).  
Halldór Helgason, skáld (400).

**Kr. 300 hlutu:**

Guðmundur Kristinsson, myndskeri (300).  
Þorsteinn Bjarnason, fræðimaður (300).